

Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla

3. febrúar 2014 kl. 8:15

Mættir voru: Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, María Ásmundsdóttir kennari, Drífa Harðardóttir, Agnes Gunnarsdóttir fulltrúar foreldra, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Foreldra- og nemendaviðtöl: Tímaskráningar fóru í fyrsta sinn fram í gegnum mentor.is og gengu vel. Foreldrar voru almennt ánægðir með það fyrirkomulag og sömuleiðis kennarar.

2. Starfsmannamál: Umsjónarkennari í 6. bekk fór í launalaust leyfi út veturinn, fékk mun betur launað starf. Íþróttakennari færði sig yfir til Salaskóla þar sem starfsaðstaða er mun betri en hér er, allt til staðar á sama punktinum; skólinn, íþróttahúsið og sundlaugin. Annar íþróttakennari er að fara í veikindaleyfi vegna meðgöngu og sömuleiðis einn stuðningsfulltrúi. Auglýst verður eftir íþróttakennara en búið er að manna stöðu stuðningsfulltrúans.

3. Íþróttahús: Ekki er enn vitað hvernig það mál endar. Allir hagsmunaaðilar voru kallaðir á fund með óháðum fagaðila og Sindra ?son (rekstrar?) og Ragnheiði Hermannsdóttur, deildarstjóra grunnskóladeildar menntasviðs Kópavogsbæjar. Rökin með íþróttahúsi við Vatnsendaskóla eru mörg en nefna má að margir sem eru á biðlista hjá Gerplu búa í Vatnsendahverfinu. Búið er að jarðvegsskipta á skólalóðinni og bygging gæti hafist fljótlega. Fyrir liggur teikning að húsi sem átti að reisa á lóðinni. Fyrst og fremst eru þó hagsmunir barnanna í Vatnsendaskóla sem þurfa að fara með rútu í bæði íþróttir og sund. Skólinn þarf að auki starfsmann í heila stöðu til að manna fylgd með nemendum.

Hreyfitímar voru færðir í sal skólans nú í haust og með því dregið úr akstri en með því er verið að ganga á rétt barnanna til íþróttakennslu í þar til gerðu íþróttahúsi. Rútuferðir geta einnig verið mikill streituvaldur fyrir viðkvæma nemendur. Ef rútu seinkar missa nemendur af tíma. Belti vantar stundum í rútur og stundum jafnvel sæti fyrir nemendur þrátt fyrir að rútuþyrtingar viti fullvel um fjölda nemenda í hópum. Skólastjórnendur hafa þurft að senda kvartanir til rútuþyrtingar vegna þessara atriða.

Guðrún Soffía var spurð hvernig svör hún hefði fengið varðandi byggingu íþróttahúss fram að þessu: Hér var búið að undirbúa byggingu íþróttahúss þegar hrunið varð 2009 en hætt við allt. Svör bæjaryfirvalda snúa alltaf að fjármálum.

Guðrún Soffía er búin að senda fyrirspurn til menntasviðs til að sjá kostnað vegna aksturs í íþróttir og sund.

Næsta skref hjá Foreldrafélagi Vatnsendaskóla: E.t.v. safna undirskriftum foreldra í hverfinu til að þrýsta á bæjaryfirvöld. Fyrst og síðast snýst barátta um að fá íþróttahús við skólann.

4. Önnur mál:

- Brekkan úti er glersvell og hættuleg. Setja þyrfti dekk við girðingu til að forða meiðslum hjá nemendum. Mikið er um brekkur á skólalóðinni og klaki um allt. Mikill kostnaður er við að sanda lóðina en við þurfum fyrst og fremst að vera vakandi fyrir öryggi barnanna.